



## ERINDISBRÉF rýnihóps um breytingar í grunnskólum Fjarðabyggðar

Ábyrgð:  
Bæjarráð

### Markmið:

Að vinna að gerð tillögu um verklag, samráð og tímasetningar á samþykkt bæjarstjórnar á breytingum í fræðslumálum Fjarðabyggðar eftir að breytingum var þrepaskipt. Rýnihópurinn er skipaður til að koma til móts við þau sjónarmið sem fram komu á fundum skólastjórnenda með bæjarráði þann 13. maí sl. Meðan á vinnu rýnihópsins stendur verður starfsemi grunnskólanna óbreytt næsta skólaár m.t.t. þeirra breytinga sem ákvarðaðar voru í bæjarstjórn 27. febrúar sl.

### Verkefni:

Rýnihópurinn mun vinna að breytingum sem samþykktar voru í bæjarstjórn og horfir m.a. til útfærslu á stjórnunarhlutfalli, hagræðingar í rekstri og aukinni samvinnu og samlegð milli grunnskólanna í Fjarðabyggð með eflingu þeirra í huga. Þá mun rýnihópurinn vinna með seinni áfanga vinnuhóps um fræðslumál í Fjarðabyggð sem snýr að innra umhverfi skólanna s.s. kennslu og öðrum innri þáttum. Rýnihópurinn mun skila drögum að tillögum í nóvember 2024, stofna til samráðs um þær og leggja fram lokatillögur í febrúar 2025 fyrir bæjarráð.

### Einstök efnistöð og verkefni:

1. Stöðumat
2. Aðgerða- og tímaáætlun
3. Skipulag samráðs
4. Rýni kostnaðar og nýtingu fjármuna
5. Önnur atriði sem málið varða

### Hópurinn skipa:

1. Ragnar Sigurðsson formaður, Jón Björn Hákonarson, Stefán Þór Eysteinnsson.
2. Sviðsstjóri fjölskyldusviðs og bæjarstjóri
3. Skólastjórar grunnskólanna í Fjarðabyggð.

**Aðrir starfsmenn og eða ráðgjafar hópsins:** Aðrir starfsmenn og ráðgjafar eftir þörfum.

### Stjórnsýsla, starfstími og skil til bæjarráðs:

Formaður boðar til funda en rýnihópurinn heldur fundargerðir sem lagðar eru fyrir bæjarráð. Starfstími hópsins verður út febrúar 2025.

### Þóknun:

Enginn nefndarþóknun er greidd en aksturskostnaður er greiddur. Gert er ráð fyrir að fundað sé á dagvinnutíma.

Fjarðabyggð 10. júní 2024.

staðgengill bæjarstjóra  
Fjarðabyggð